

AUGLÝSING

um breytingu á hreppamörkum milli Hvammstangahrepps og Kirkjuhvammshrepps í Vestur-Húnavatnssýslu.

Hreppsnefndir Hvammstangahrepps og Kirkjuhvammshrepps hafa samþykkt breytingu á mörkum hreppanna og hefur sú samþykkt hlotið meðmæli sýslunefndar.

Með vísun til 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961 staðfestir ráðuneytið mörkin og verða þau sem hér segir:

Að norðan og austan eru sýslumörkin óbreytt að suðausturhorni Laufáss. Þaðan ráða að norðan merki Helguhvamms og að austan ráða merki Kothvamms og Kirkjuhvamms og þaðan bein sjónhending í Hreggnasa. Þaðan óbreytt hreppamörk að suðvestur horni Syðsta-Hvamms og þaðan bein lína er hugsast dregin til suðurs 10 metra austan við hliðið á hreppamörkum að sunnan. Að sunnan eru hreppamörkin óbreytt til sjávar.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

7. janúar 1980.

Nr. 96.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar þrjú menn í happdrættisráð til þriggja ára í senn. Ráðherra skipar formann happdrættisráðsins. Fundi heldur það eftir því, sem þörf krefur og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti ráðsmanna er viðstaddur. Ályktanir happdrættisráðsins eru lögmætar, ef meiri hluti þess er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda og gerðabók skal lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðs. Þóknun og annar kostnaður vegna happdrættisráðs greiðist af happdrættinu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973, um happdrætti Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 55 25. maí 1976, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.